

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 31/94
frá 15. desember 1994**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
14/94 frá 28. október⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/26/EB frá 15. júní 1994 um aðlögun að
tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/196/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um
rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum⁽²⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 7a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB) í
X. kafla II. viðauka við samninginn:

„7b. 394 L 0026: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/26/EB frá 15. júní 1994 um
aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/196/EBE um samræmingu laga
aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á
sprengihættustöðum (Stjtið. EB nr. L 157, 24. 6. 1994, bls. 33).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 157, 24. 6. 1994, bls. 33.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/26/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker